

FUNDARGERÐ

Mánudaginn 26. ágúst 2013 kl. 10:30 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsaáskynnum innanríkisráðuneytis. Fundurinn fór fram í Tómtúsi, fundarherbergi á 4. hæð Sölvhólgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Elínu Pálsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Í fjarfundasambandi voru Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson og Björk Þorsteinsdóttir. Bergur Sigurbjörnsson mætti á fundinn undir dagskrárliðnum íþyngjandi kostnaður vegna snjósmoksturs í þéttbýli.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

SAMEINING SVEITARFÉLAGA

Framlag vegna sameiningar á bókhaldi sveitarfélaga

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Garðabæ, nýsameinuðu sveitarfélagi Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness, dags. 11. júní 2013. Í erindinu er sótt um framlag vegna sameiningar á bókhaldi sveitarfélaganna á grundvelli b-liðar 1. gr. reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Á grundvelli vinnureglna frá árinu 2009 nemur framlag vegna sameiningar á bókhaldi sveitarfélaga 700.000 kr. ef um tvö sveitarfélög er að ræða. Fyrir hvert viðbótarsveitarfélag greiðist 300.000 kr. Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að framlagið væri hækkað úr 700.000 kr. í 800.000 kr. og 350.000 kr. kæmu til greiðslu fyrir hvert viðbótarsveitarfélag.

Með tilvísun til þessa samþykkti nefndin tillögu að úthlutun framlags að fjárhæð 800.000 kr. til Garðabæjar á grundvelli b-liðar 1. gr. reglna nr. 295/2003 vegna sameiningar á bókhaldi Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness.

Framlag vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu

Jafnframt var tekið til umfjöllunar erindi frá Garðabæ, nýsameinuðu sveitarfélagi Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness, einnig dags. 11. júní 2013, þar sem óskað er eftir framlagi á grundvelli f-liðar 1. gr. reglnanna nr. 295/2003 vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu í nýju sveitarfélagi. Erindinu fylgdi ítarlegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir þeirri endurskipulagningu sem sveitarfélagið telur nauðsynlegt að ráðast í í kjölfar sameiningar sveitarfélaganna. Á árinu 2013 nemur áfallinn kostnaður þar að lútandi um 18,3 m.kr.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að afgreiðslu erindisins væri frestað til næsta fundar nefndarinnar og það skoðað betur á milli funda.

FRAMLAG VEGNA FJÁRHAGSERFIDLEIKA

Aðkoma að úttekt á fjárhagsstöðu Breiðdalshrepps

Umsögn EFS

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Breiðdalshrepps, dags. 16. ágúst 2013. Í erindinu er óskað eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna kostnaðar við úttekt á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Leitað hafði verið umsagnar Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um erindi Breiðdalshrepps og var umsögn nefndarinnar lögð fram á fundinum til kynningar. Í ljósi fjárhagsstöðu sveitarfélagsins þar sem skuldaviðmið er nokkuð umfram fjárhagslegt viðmið sveitarstjórnarlaga mælir nefndin með því að beiðni Breiðdalshrepps um þátttöku í kostnaði vegna úttektarinnar verði samþykkt.

Með tilvísun til þessa og á grundvelli ákvæða í b-lið 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010 samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að úthlutað væri framlagi að fjárhæð allt að 3,0 m.kr. án vsk. til Breiðdalshrepps vegna úttektar á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

FRAMLÖG VEGNA HÚSALEIGUBÓTA

Almennar húsaleigubætur

Uppgjör vegna ársins 2012

Að teknu tilliti til uppgjors á lögbundnu framlagi frá ríki vegna ársins 2012 er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs að viðbættu beinu framlagi frá ríki vegna Samkomulags um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008 nemur ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til greiðslu framlaga vegna almennra húsaleigubóta árið 2012 samtals 2.006.367.023 kr.

Með tilvísun til þessa og heildargreiðslna sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum á árinu 2012 að fjárhæð 3.567.973.373 kr. var greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs vegna almennra húsaleigubóta á árinu 2012 tekið til endurskoðunar.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að greiðsluhlutfall sjóðsins vegna ársins 2012 væri hækkað úr 54% í 56,12% eða um 75,7 m.kr. og mun framlagið koma til greiðslu í haust.

Við framangreinda tillögu að hækkun framlaga og uppgjöri vegna almennra húsaleigubóta á árinu 2012 viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir af fundi þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

Ráðgjafarnefndin óskaði eftir því að á næsta fundi nefndarinnar væri lagt fram yfirlit þar sem fram kæmu upplýsingar um ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs til greiðslu framlaga vegna húsaleigubóta á árinu 2013 og sundurliðun þess.

FRAMLÖG TIL SÉRSTAKRA VERKEFNA

Íþyngjandi kostnaður vegna snjómoksturs í þéttbýli

Á fundi ráðgjafarnefndar 12. júní 2013 voru lögð fram til kynningar erindi frá Dalvíkurbyggð, dags. 14. maí 2013 og Grýtubakkahreppi, dags. 15. maí 2013 vegna verulega íþyngjandi kostnaðar við snjómokstur á árinu 2012. Á fundinum nú var lagt var fram til kynningar erindi Sveitarfélagsins Skagafjarðar, dags. 28. júní 2013, um sama efni.

Á fundinum 12. júní 2013 samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að erindin væru skoðuð á grundvelli framlaga til sérstakra verkefna, sbr. heimildarákvæði í b-lið, 1. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010 en þar segir að heimilt sé að aðstoða sveitarfélög sem orðið hafa fyrir verulega íþyngjandi og ófyrirséðum útgjöldum vegna lögakveðinna verkefna eða af öðrum ástæðum sem ráðgjafarnefnd metur gildar.

Erindin höfðu verið tekin til skoðunar á milli funda og skýrði sérfræðingur sjóðsins frá að ekki lægju enn fyrir sundurliðaðar tölur um snjómokstur hjá þessum sveitarfélögum fyrir árið 2012 þó að sýnt væri að um íþyngjandi kostnað væri að ræða.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að afgreiðslu erindanna væri frestað til næsta fundar og að aflað yrði frekari upplýsinga um íþyngjandi kostnað vegna snjómoksturs hjá viðkomandi sveitarfélögum á milli funda. Jafnframt var lagt til að kannað væri hvort um íþyngjandi kostnað gæti verið að ræða vegna snjómoksturs í þéttbýli hjá fleiri sveitarfélögum á Norðurlandi.

LANDSHLUTASAMTÖK VEGNA SAMSTARFSVERKEFNA ER TENGJAST SÓKNARÁÆTLUN LANDSHLUTA

Greinargerðir og næsta greiðsla

Ráðgjafarnefndin samþykkti á fundi sínum 13. maí sl. að leggja til að óskað væri eftir stuttri greinargerð frá landshlutasamtökum sveitarfélaga um þau samstarfsverkefni sem samtökin ynnu að á árinu í tengslum við sóknaráætlanir landshluta. Fram kom á fundinum að borist hefðu greinargerðir frá 7 landshlutasamtökum af 8. Greinargerð vantaði frá Eyþingi.

Greinargerðirnar voru teknar til umfjöllunar á fundinum. Að mati nefndarmanna voru þær vel unnar og upplýsandi.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að fram færi önnur greiðsla af samþykktu framlagi ársins sem hér segir: Greiðsla til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga næmi 0,5 m.kr. Greiðsla til annarra landshlutasamtaka væri að fjárhæð 1,0 m.kr. Greiðsla til Eypings yrði innt af hendi þegar greinargerð samtakanna lægi fyrir.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS ÖNNUR FRAMLÖG

Átaksverkefnið „Farandkennari á ferð um landið“

Á fundi ráðgjafarnefndar 13. maí sl. var fyrirspurn dags. 5. apríl 2013, frá verkefnastjóra og kennsluráðgjafa í nýbúafræðslu um mögulega aðkomu Jöfnunarsjóðs að kostnaði vegna átaksverkefnisins *Farandkennarinn á ferð um landið*, tekin til umfjöllunar. Fram kom hjá nefndinni að hér væri um þarft verkefni að ræða en nauðsynlegt væri að fá ítarlegri upplýsingar um útfærslu verkefnisins áður en endanleg afgreiðsla þess færi fram.

Svör við umbeðnum upplýsingum höfðu nú borist, sbr. tölvupóst frá verkefnastjóra, dags. 23. ágúst 2013, og voru þau lögð fram til umfjöllunar á fundinum.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að úthlutað væri framlagi til verkefnisins að fjárhæð allt að 2,0 - 2,5 m.kr. á grundvelli 3. liðar 8. gr. reglugerðar nr. 351/2002 með síðari breytingum þar sem ráð væri fyrir því gert að um væri að ræða verkefni sem mundi nýtast sveitarfélögum á landsvísu til að bæta skólastarf og rekstur grunnskóla.

Spegluð kennsla

Á fundi ráðgjafarnefndar 13. maí sl. var tekin til umfjöllunar endurskoðuð umsókn Keilis, *Miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs*, um framlag úr Jöfnunarsjóði til að koma á fót gagnagrunni fyrir speglaða kennslu. Nefndin samþykkti að leggja til að afgreiðslu umsóknarinnar væri frestað og leitað væri eftir frekari upplýsingum um aðkomu mennta- og menningarmálaráðuneytisins og tilgreindra sveitarfélaga að verkefninu ásamt spurningum um framkvæmd þess.

Svör við umbeðnum upplýsingum höfðu nú borist, sbr. tölvupóst frá framkvæmdastjóra Keilis, dags. 12. júní, og voru þau lögð fram til umfjöllunar á fundinum.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að beiðni Keilis um framlag að fjárhæð allt að 3,0 m.kr. væri tekin til greina enda lægi fyrir að mennta- og menningarmálaráðuneytið og tilgreind sveitarfélög yrðu þátttakendur í verkefninu og fyrir lægi samningur þar um.

Framlaginu er úthlutað á grundvelli 3. liðar 8. gr. reglugerðar, nr. 351/2002 með síðari breytingum.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA ALMENN JÖFNUNARFRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK 2013 Innsendar athugasemdir þjónustuvæða vegna fyrstu áætlunar um úthlutun framlaga

Fram kom að verið væri að vinna úr þeim athugasemdum sem borist höfðu í kjölfar birtingar á áætluðum framlögum til sveitarfélaga/þjónustuvæða vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013, sem fram fór á kynningarfundum í Þjóðminjasafninu í maí sl.

Endurskoðuð áætlun fyrir lok september

Stefnt er að því að endurskoðuð áætlun liggi fyrir lok september nk.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Lagt var fram til kynningar erindi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, dags. 24. júní 2013. Í erindinu er greint frá sameiginlegum fundi stjórnar Byggðasamlags málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra, sveitar- og bæjarstjóra, félagsmálastjóra og lykilaðila í félagsmálanefndum aðildarsveitarfélaga sem haldinn var 19. júní 2013.

Eftirfarandi bókun var gerð á fundinum: „Óásættanlegt er að ákvörðun um breytt vinnubrögð við upplýsingaöflun á síðari hluta ársins 2012 hafi orsakað að óvissa hefur verið fram að þessu með tekjur fyrir árið 2013. Óásættanlegt er einnig að reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013 liggja ekki fyrir.“

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að umræðu um málið væri frestað til næsta fundar.

MÖGULEG AÐKOMA JÖFNUNARSJÓÐS AÐ NEIKVÆÐUM SVEIFLUM MILLI ÁRA

Í nýútkominni reglugerð, nr. 623/2013, um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013 er til staðar eftirfarandi heimild í 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar:

Hugsanlegum eftirstöðvum framlaga vegna breytingakostnaðar skal skipta milli þjónustusvæða/sveitarfélaga á grundvelli tillagna ráðgjafarnefndar til ráðherra að höfðu samráði við samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks og Samband íslenskra sveitarfélaga, m.a. til að koma til móts við þau svæði þar sem hlutfallsleg lækkun framlaga milli árunna 2012 og 2013, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar er veruleg.

Lögð var fram til skoðunar greiðslu- og rekstraráætlun ársins 2013 vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks. Á grundvelli áætlunarinnar voru ræddir þeir möguleikar sem til staðar væru til að koma til móts við þau þjónustusvæði þar sem sveiflurnar kæmu til með að verða hvað mestar milli árunna 2012 og 2013.

Mögulegt viðbótarframlag úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga væri skrifað bréf þar sem framangreint ákvæði í 5. gr. reglugerðarinnar væri kynnt fyrir nefndinni og óskað væri eftir viðbótarframlagi úr Fasteignasjóði í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á árinu til að auka möguleika Jöfnunarsjóðs á að koma til móts við þau svæði þar sem hlutfallsleg lækkun framlaga er hvað mest milli árunna 2012 og 2013. Frekari umræðu var frestað til næsta fundar.

NOTENDASTÝRÐ PERSÓNULEG AÐSTOÐ

Umsóknir vegna ársins 2013 – Tillaga að úthlutun

Lagðar voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsóknir sveitarfélaga/þjónustusvæða vegna gerðra NPA samninga á árinu 2013. Fram kom að borist hefðu umsóknir frá 11 þjónustusvæðum og væri fjöldi samninga 54. Heildarfjárhæðir innsendra samninga er 443 m.kr. og áætlað framlag vegna þeirra 88,6 m.kr. miðað við 20% kostnaðarhlutdeild Jöfnunarsjóðs.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að framangreindar umsóknir væru allar teknar til greina og samþykkti tillögu að úthlutun framlags að fjárhæð 88,6 m.kr. á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 623/2013.

Reykjavíkurborg

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykjavíkurborgar, dags. 15. júlí 2013, þar sem rætt er um fjármögnun tilraunaverkefnisins NPA og óskað eftir að úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði vegna verkefnisins verði endurskoðuð og áhersla lögð á að ríkisvaldið leggi meira fé til verkefnisins.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að í svari Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar kæmi fram að úthlutanir framlaga úr sjóðnum til verkefnisins væru óbreyttar a.m.k. þar til fjárlög fyrir árið 2014 lægju fyrir.

SIS MATIÐ

SiS matið fyrir fullorðna

Greint var frá stöðu mála varðandi matið. Fram kom að í forgangi nú væri að meta þá fullorðnu einstaklinga sem nú þegar fengju þjónustu.

SiS mat fyrir börn

Á fundi ráðgjafarnefndar í apríl 2012 fór fram kynning á vegum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins á SIS mati fyrir börn. Fram kom á fundinum að SIS mat fyrir börn væri heildstætt mat fyrir 6 – 16 ára einstaklinga sem vonir stæðu til að hægt yrði að innleiða á Íslandi. Sérstaklega var rætt um þann möguleika að SIS matið fyrir börn mundi leysa af hólmi vinnu- og viðmiðunarreglur sjóðsins, þar sem einn þáttur matsins væri mæling á stuðningsþörf við nám.

Á fundi ráðgjafarnefndar 13. maí sl. samþykkti nefndin að leggja til að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga kæmi að kostnaði vegna staðfærslu matsins. Nefndin samþykkti jafnframt að leggja til að óskað yrði eftir greinargerð frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Umbeðin greinargerð hefur borist, hvað fjárhagsáætlun vegna forprófunar og upphafs á gagnasöfnun barna SIS varðar.

Á grundvelli fjárhagsáætlunarinnar samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að úthlutað væri framlagi að fjárhæð allt að 2,5 m.kr. vegna forprófunar og upphafs á gagnasöfnun barna SIS. Framlaginu er úthlutað á grundvelli f-liðar 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 960/2012.

Ráðgjafarnefndin samþykkti jafnframt að óskað væri eftir því að fulltrúar Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar mættu á næsta fund ráðgjafarnefndar.

FRAMLÖG TIL EFLINGAR TÓNLISTARFRÆÐSLU

Samkomulag ríkis og sveitarfélaga vegna eflingar tónlistarfræðslu – Staða mála

Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði í mars sl. starfshóp til að ræða mögulega framlengingu og/eða endurskoðun samkomulagsins milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnámsins og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Starfshópurinn hefur komið saman en samþykkt liggur enn ekki fyrir um framlengingu samkomulagsins.

Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga skólaárið 2013 – 2014 – Staða mála

Á grundvelli reglugerðar nr. 23/2013 um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda óskaði Jöfnunarsjóður eftir að sveitarfélög sendu inn umsóknir og upplýsingar um áætlun tónlistarnáms í sveitarfélaginu skólaárið 2013 – 2014 fyrir 1. júní sl. með hliðsjón af mögulegri framlengingu samkomulagsins.

Ráðgjafarnefndin samþykkti á fundi sínum 12. júní sl. tillögu um áætlaða úthlutun framlaga mánuðina september til október. Þá áætlun hefur ekki verið hægt að birta þar sem framlenging samkomulagsins er enn ekki í höfn.

Umsókn vegna langtímaforfalla

Reykjavíkurborg

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykjavíkurborgar, dags. 14. júní 2013. Í erindinu er sótt um sérstakt framlag vegna langtímaforfalla í tónlistarskólum. Sótt er um framlag á grundvelli 6. gr. reglugerðar, nr. 23/2013, að fjárhæð samtals 6.001.624 kr.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að erindi Reykjavíkurborgar væri tekið til greina.

Tillaga að uppgjöri framlaga vegna skólaársins 2012 - 2013

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að uppgjöri framlaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda vegna skólaársins 2012 -2013, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 23/2013. Gert er ráð fyrir að ráðstöfunarfjármagn sjóðsins á skólaárinu 2012 – 2013 sé 520 m.kr. Lagt er til að

506 m.kr. verði dreift á grundvelli 2. mgr. 1. gr. núgildandi reglugerðar, þ.e. vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum vegna söngnáms á miðstigi og söng- og hljóðfæranáms á framhaldsstigi. Þær 14. m.kr. sem út af standa renna til framlaga á grundvelli 7. gr. reglugerðarinnar, langtímaforfalla á grundvelli 6. gr. reglugerðarinnar og kostnaðar vegna gerðar reiknilíkans.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að tillaga að uppgjöri væri samþykkt. Tekið verður tillit til leiðréttinga framlaga vegna skólaársins 2012 – 2013 við greiðslu framlaga í lok ágúst.

ÖNNUR MÁL

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verður haldinn 2. október nk. á Hilton Reykjavík Nordica.

Hefðbundnir dagskrárliðir eru:

- Ávarp ráðherra
- Ársskýrsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2012

Aðra dagskrárliði á eftir að ákveða og samþykkti ráðgjafarnefndin að fela formanni og forstöðumanni að ganga frá endanlegri dagskrá ársfundarins.

Ítrekað var að reiknað væri með að einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi sækti ársfundinn.

Næsti fundur nefndarinnar verður kl. 10:30 þann 20. september nk.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 13:00.

Halldór V. Kristjánsson